


## Hleðsla og rafgeymar rafm.hjólástóla.

### Permobil CHAIRMAN HD

**HLEÐSLA – RAFGEYMAR.** Nú orðið eru eingöngu notaðir gel-fylltir, lokaðir rafgeymar. Þeir eru flughæfir, þ.e. hægt er að fara með stólinn í flug án þess að aftengja rafgeyma. Aðeins þarf að slá út aðal öryggi stólsins. Varðandi hleðslu þá er allt í lagi að hlaða þá hvenær sem er þ.e. ekki þarf að tæma þá áður en hlaðið er. Þetta eru venjulegir bílgeymar eins og við þekkjum þá. Þannig að mælt er með að eftir hverja notkun yfir daginn er stóllinn settur í hleðslu yfir nóttina. (eða þegar þörf þykir) Það eru öryggiskerfi í stólum og hleðslutækinu sem fylgjast með og hvor um sig getur lokað fyrir straum.

Best er að stinga hleðslutækinu fyrst í samband við vegg og síðan í stólinn. Í hleðslutækinu eru ljós sem sega til hver staðan er á hleðslunni – gult = er að hlaða, grænt = hleðslutæki telur stólinn fullhlaðinn, rautt = bilun eða sambandsleysi. Ef rautt kemur þegar stungið er í hleðslu getu einnig þýtt samskiptavillu milli stóls og tækis. Takið hleðslutækið úr sambandi við vegg býðið í ca 30sek og stingið í samband aftur. Ef rautt kemur aftur gæti verið um bilun að ræða, oftast er það hleðslutækið en stundum innstungan í stólnum. Hringja í STÖÐ eða Sjúkratryggingar (HTM)



Gúmmiblaðka er yfir innstungu fyrir hleðslutækið. Hún er staðsett fyrir ofan vinstra afturhjóla ( snúningshjól)

Og muna— Það má alltaf hlaða stólinn. Það er ekki vinsælt að hafa þetta 170 kg tæki rafmagnslaust.

Í stjórnþæki sést hvernig staða rafgeyma er þ.e. hleðslan. Ljós súla sýnir stöðuna og eru mismundandi ljós eftir því hvað staðan er há. Þegar stóllinn er full hlaðinn sýnir ljós súlan 3 græn, 4 gul og 3 rauð. Smá saman slokknar á ljósunum eftir því sem hleðslan lækkar. Ef einungis eru eftir 3 rauð ljós eru rafgeymar komnir á neðsta þrep. Stjórnkerfi stólsins fylgist með hleðslunni og ef farið er of neðarlega þá tekur stóllinn völdin til að hlífa rafgeymum. Kerfið gefur viðvörðunarkerki og jafnvel stöðvar stólinn. Ef ekki er hlustað á viðvaranir þá endar með að kerfið slekkur á stólnum. Þegar kveikt er aftur sýnir ljós súlan aðeins 1-2 rauð ljós og ekki er hægt að keyra stólinn.

Þumalputtareglan er; Þegar 1 gult og 3 rauð ljós lýsa þarf stóllinn að fara í hleðslu eins fljótt og hægt er. Rauð ljós eingöngu þýða – í hleðslu strax!

Það er mun þægilegra að fara eftir þessari reglu heldur en að ýta þessum 170 kg hægindastól um holt og hæðir, hugsanlega með notandanum syngjandi og trallandi í sætinu.

Fylgist vel með ástandi rafgeyma.

Ljós sýna stöðu geyma, 3 græn, 4 gul og 3 rauð. Við keyrslu slokknar á þessum ljósum eftir því hve eyðist af rafgeymum. Þegar 1 gult og 3 rauð eru eftir skal setja stólinn strax í hleðslu

Og muna— Það má alltaf hlaða stólinn.

Það er ekki vinsælt að hafa þetta 170 kg tæki rafmagnslaust.



## Hleðsla og rafgeymar rafm.hjólástóla.

**Aðal rofi (öryggi).** Þessi rofi er útsláttar öryggi fyrir stólinn. Hann er t.d. notaður til að slá út stólinn ef farið er í flug. Einnig er gott að slá stólinn út ef að geyma á hann í lengri tíma s.s. 3 vikur eða meira án þess að hafa hann í hleðslu. Hann er staðsettur við lyftu kólfinn í miðju stólsins. Einnig kemur fyrir að stóllinn slær út vegna ofálags. Það kemur fyrir ef ekki er hlustað á viðvörunarkerfi stólsins. T.d. ef ekið er við erfiðar aðstæður – fyrir stólinn – s.s. í grasi / túni þá má búast við því að eftir x-tíma geti mótora ofhitnað. Stóllinn mun senda frá sér viðvörun og stoppa til að “hvíla” sig. Hann er í raun að láta mótora kólna. Ágætt er að gefa stólnum ca 1 mínútu. Ef ekki er hlustað á kerfið – það er hægt að fara strax af stað aftur – þá getur stóllinn algerlega tekið völdin og slegið sig út. Einnig er stóllinn stundum að vakta tölvukerfið og slær út, út af öryggisástæðum – sem betur fer kemur þetta örsjaldan fyrir en getur komið við mikinn raka. Þá er ágætt að koma stólnum í þurr umhverfi – oftast er hægt að keyra honum. Hafið í huga – þó að stóllinn slái út þá er það ekki endilega merki um bilun – en ef það gerist ítrekað þá hafið samband við STOD eða Sjúkratryggingar ( HTM) Oftast leysast vandamálin með hjálp símtækis og léttu spjalli.

**Frí-hjólun – Stólnum ýtt án rafbúnaðar.** Hægt er að láta stólinn frí-hjóla (aftengja mótora) til að ýta stólnum til. Það er gert með því að lyfta handfangi sem er fyrir aftan hægra framhjól. Athugið; betra er að það sé slökkt á stólum þegar honum er ýtt. Hann verður léttari. Ef stóllinn er í frí-hjólun þá er að sjálfsögðu ekki hægt að keyra hann.



Frí-hjól handfang

**Innskot; Þegar talað er um hægri og vinstri er það séð frá sjónarhóli notandans, þ.e þegar setið er í stólnum.**